

Samningur um verðbréfavíðskipti við Íslandsbanka hf.

Umsókn og almennir skilmálar fyrir lögaðila

Upplýsingar um lögaðila

Smelltu á skyggða reitinn til að fylla út. Notaðu dálka-takkann (TAB) til að færast milli reita

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____ Staður: _____

Sími: _____ Fax: _____ Netfang: _____

Ríkisfang: _____ Skattaleg heimilisfesti: _____

Umsókn

Viðskiptavinur óskar hér með eftir að hefja verðbréfavíðskipti hjá Íslandsbanka hf.

Vörslureikningur og bankareikningur hjá Íslandsbanka hf. – merkið í viðeigandi reiti:

- Stofnið vörslureikning og bankareikning og VS-reikning hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf.
- Stofnið vörslureikning og VS-reikning hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf.
- Lögaðili á fyrir bankareikning hjá Íslandsbanka: ____ - ____ - _____

Aðgangur að verðbréfavíðskiptum í Netbanka:

- Veitið umboðsmanni samkvæmt viðauka víðskiptaheimild með verðbréf f.h. lögaðila í Netbanka Íslandsbanka. Ásamt samningi þessum gildir samningur um aðgang að fyrirtækjabanka á islandabanki.is um þau víðskipti.

Skuldfærsluheimild – merkið í viðeigandi reit:

Þjónustugjöld þ.m.t. vörslugjöld skv. 12. gr. í almennum skilmálum óskast greidd með:

- Skuldfærslu af bankareikningi sem lögaðili óskar eftir að stofnaður verði eða nr. ____ - ____ - _____
- Kreditkorti af teg. Visa / Euro: nr. ____ - ____ - ____ - ____ Gildistími ____ / ____

Almennir skilmálar

1. Inngangur

- 1.1. Íslandsbanki hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Íslandi (hér eftir nefndur Íslandsbanki) er fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu (www.fme.is). Um starfsemi þess gilda lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 1.2. Eftirfarandi skilmálar gilda um verðbréfavíðskipti við Íslandsbanka, þ.m.t. um notkun vörslureiknings og um notkun Netbanka Íslandsbanka. Eftir atvikum gilda jafnframt aðrir sérskilmálar og samningsákvæði vegna þeirrar þjónustu sem veitt er í tengslum við verðbréfavíðskipti.
- 1.3. Upplýsingar um þjónustu Íslandsbanka má meðal annars fá í þjónustuveri í síma 440 4000, á heimasíðunni www.islandsbanki.is eða með tölvupósti á netfangið islandsbanki@islandsbanki.is.

2. Reikningar víðskiptavina

- 2.1. Til að geta hafið verðbréfavíðskipti þarf víðskiptavinur að eiga vörslureikning og bankareikning hjá Íslandsbanka. Samhliða stofnun vörslureiknings stofnast VS-reikningur hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í nafni víðskiptavinar.
- 2.2. Íslandsbanki er reikningsstofnun sem hefur milligöngu um eignaskráningu á rafréfum í Verðbréfaskráningu Íslands hf. (verðbréfamiðstöð) samkvæmt aðildarsamningi, lögum og reglugerðum þar um. Íslandsbanki hefur aðgang að kerfi verðbréfamiðstöðvar og heimild til að annast milligöngu um útgáfu rafréfa í kerfinu og til skráningar réttinda yfir þeim. VS-reikningur er skrá yfir eignaréttindi reikningseiganda á rafréfum í verðbréfamiðstöð og getur vistað mismunandi tegundir rafréfa.
- 2.3. Ef stofnaður er nýr bankareikningur veitir víðskiptavinur samþykki sitt fyrir því að undirritun hans á umsókn þessa eða rafrænt samþykki, jafngildi rithandarsýnishorni fyrir reikninginn og að notast verði við rithandarsýnishorn og mynd sem er vistuð hjá Reiknistofu bankanna eftir því sem við á.

3. Vörslur verðbréfa

- 3.1. Vörslureikningur Íslandsbanka er skrá sem heldur utan um heildarverðbréfaeign víðskiptavinar, hvort sem verðbréfin eru á rafrænu formi eða á pappírformi. Til þess að víðskipti geti átt sér stað með verðbréf sem búið er að skrá rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. skal opnaður VS-reikningur fyrir milligöngu Íslandsbanka í nafni víðskiptavinar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf.
- 3.2. Öll verðbréf keypt með milligöngu Íslandsbanka verða í vörslum bankans. Víðskiptavinur getur óskað eftir að önnur verðbréf í hans eigu verði sett í vörslur Íslandsbanka. Berist verðbréf beint til víðskiptavinar sem eiga að vera í vörslum Íslandsbanka samkvæmt umboði þar um, ber víðskiptavini að tilkynna Íslandsbanka um slíkt án tafar og koma bréfunum í vörslur bankans við fyrsta tækifæri. Víðskiptavini er ávallt heimilt, óski hann þess, að taka einstök bréf úr vörslum bankans þrátt fyrir samning þennan.
- 3.3. Íslandsbanki gerir víðeigandi ráðstafanir á hverjum tíma til að varðveita fjármuni víðskiptavina sinna með tryggilegum hætti og lögum samkvæmt. Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta gilda um fjármuni víðskiptavina Íslandsbanka eftir því sem við á.
- 3.4. Íslandsbanki skuldbindur sig til þess að varðveita verðbréf og önnur verðmæti á vörslureikningi með tryggum hætti og ber ábyrgð á vörslum þeirra. Þegar verðbréf eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. mun Íslandsbanki annast skráningu þeirra á VS-reikning hjá Íslandsbanka í nafni eiganda.

4. Fyrirmæli um víðskipti

- 4.1. Víðskiptavinur getur komið fyrirmælum eða fyrirsögnum á framfæri við Íslandsbanka með skriflegum eða skjalalausum hætti. Skjalalaus fyrirmæli teljast t.d. símtöl, tölvupóstur eða önnur rafræn samskipti, s.s. í gegnum tölvutengingu við veraldarvefinn. Að jafnaði skulu rafræn fyrirmæli gefin með innslátti á lokuðu svæði í Netbanka (þ.e. eftir að víðskiptavinur hefur gefið upp notandaheiti og lykilorð). Séu fyrirmæli gefin á annan hátt er Íslandsbanka heimilt, en ekki skyld, að fara eftir þeim. Íslandsbanki áskilur sér rétt í öllum tilfellum til að kalla eftir öryggisupplýsingum áður en fyrirmælum frá víðskiptavini er framfylgt og til að óska eftir staðfestingu á fyrirmælum sem gefin hafa verið.
- 4.2. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að fara ekki eftir fyrirmælum telji starfsmenn bankans að þau hafi ekki verið gefin af víðskiptavini, vafi leiki á um efni þeirra, víðskiptin sé sérstök eða óvenjuleg miðað við fyrri víðskipti eða óvenjuleg miðað við það sem almennt tíðkast í sambærilegum víðskiptum eða það brjóti með einhverjum hætti í bága við lög eða reglur að framfylgja þeim.
- 4.3. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að ógilda og fella tilboð úr tilboðaskrá ef sýnt þykir að því sé ætlað að hafa óeðlileg áhrif á verðmyndun í víðskiptakerfi víðkomandi kauphallar, tilboð er sneytt víðskiptalegum tilgangi eða því er ætlað að teyfa eða koma í veg fyrir aðgang annarra aðila að víðskiptakerfinu. Íslandsbanki áskilur sér jafnframt rétt til að fella niður víðskipti sem leiða t.d. af óumdeilanlegri villu, broti á lögum eða reglum eða tæknilegum truflunum í víðskipta- og eða uppgjörskerfum.
- 4.4. Verðbréfavíðskipti sem framkvæmd eru gegnum Netbanka með verðbréf sem skráð eru í kauphöll eiga sér stað í víðskiptakerfi víðkomandi kauphallar, en með því er átt við að tilboð víðskiptavinar um verðbréfavíðskipti, sem Íslandsbanki mottækur í Netbanka, með rafrænum hætti í gegnum tölvutengingu við víðskiptavin, skráist sjálfkrafa í víðskiptakerfið. Með sama hætti eiga víðskipti með verðbréf sem skráð eru erlendis sér stað í víðskiptakerfi kauphallar á víðkomandi markaði.
- 4.5. Öll víðskipti sem Íslandsbanki hefur milligöngu um samkvæmt fyrirmælum víðskiptavinar skulu lúta reglum þess verðbréfamarkaðar eða kauphallar þar sem víðskiptin eiga sér stað. Víðskiptin skulu teljast hafa átt sér stað þar sem víðkomandi verðbréf er(u) skráð. Með reglum í þessu samhengi er átt við lög, reglugerðir og hvers kyns aðrar reglur, skráðar sem óskráðar, samþykktir, víðskiptavenjur o.s.frv. Víðskiptavinur telst bundinn af öllum slíkum reglum á sama hátt og ef hann hefði átt víðskiptin án milligöngu Íslandsbanka.
- 4.6. Öll almennt og regluleg víðskipti með verðbréf víðskiptavinar á vörslureikningi eiga sér stað samkvæmt fyrirmælum víðskiptavinar.
- 4.7. Til að tryggja öryggi í víðskiptum og rétta framkvæmd fyrirmæla samþykkir víðskiptavinur að símtöl við starfsmenn Íslandsbanka séu hljóðrituð og ef á þarf að halda að þau séu notuð til að skera úr um ágreining sem rísa kann vegna víðskipta hans hjá Íslandsbanka. Víðskiptavinur samþykkir að slíkt hljóðrituð símtöl teljist full sönnun þess sem fram fór milli aðila.
- 4.8. Stjórn félagsins skal gefa þeim starfsmönnum félagsins sem hún óskar umboð (sbr. viðauka) til þess að eiga víðskipti við bankann á grundvelli þessa samnings.

5. Notandaheiti og lykilorð

- 5.1. Víðskiptavinur notar í verðbréfavíðskiptum sínum í Netbanka notandanafn og lykilorð sem honum hefur verið úthlutað vegna víðskipta sinna í Netbanka eða fær úthlutað við undirritun "Samnings um aðgang að bankavíðskiptum á islandsbanki.is" (Netbanka Íslandsbanka). Víðskiptavinur samþykkir að hlíta reglum Netbanka um notkun á notandanafni og lykilorði í tengslum við verðbréfavíðskipti sín þar.
- 5.2. Víðskiptavinur ábyrgist að varðveita allar öryggisupplýsingar með tryggum hætti og ber ábyrgð á því að þær berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Víðskiptavinur ber ábyrgð á öllum færslum þar sem rétt notandanafn og lykilorð eru notuð en notkun réttis lykilorðs jafngildir undirskrift víðskiptavinar.

- 5.3. Viðskiptavinur ber að tilkynna Íslandsbanka án tafar ef hann hefur ástæðu til að ætla að óviðkomandi hafi komist yfir upplýsingar um notandanafni og/eða lykilorð hans að Netbankanum og fá um leið úthlutað nýju notandanafni og/eða lykilorði. (Tilkynna skal til þjónustuværs Íslandsbanka í síma 440 4000).
- 5.4. Lögaðila er heimilt að veita nánar tilgreindum starfsmönnum sínum aðgang að Netbankanum. Nýti lögaðili sér þá heimild ber honum að tilkynna Íslandsbanka nöfn og kennitölur þeirra starfsmanna. Lögaðili ber fulla ábyrgð á öllum viðskiptum sem starfsmenn hans framkvæma með notandanafni og lykilorði hans. Fyrirsvarsmönnum lögaðila ber að tilkynna Íslandsbanka þegar í stað ef starfsmaður hans sem hefur aðgang að Netbanka hættir störfum. Sama gildir ákveði lögaðili að afturkalla aðgangshemild einstakra starfsmanna sinna. Berist Íslandsbanka slíkar tilkynningar er bankanum heimilt að afturkalla lykilorðið þegar í stað og loka tímabundið fyrir viðskipti notanda, þar til honum hefur verið úthlutað nýju lykilorði.

6. Tölvutenging við Íslandsbanki.is

- 6.1. Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem hann kysir að nota til tölvutengingar við Íslandsbanka vegna viðskipta í Netbanka. Íslandsbanki skuldbindur sig til að gera viðskiptasiður sínar aðgengilegar á veraldarvefnum.
- 6.2. Viðskiptavinur leggur til þann vél- og hugbúnað sem nauðsynlegur er til móttöku á þjónustu Netbanka. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir notkun á búnaðinum. Íslandsbanki ber ekki ábyrgð á því tjóni sem orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði bankans eða viðskiptavinar eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að viðskipti í gegnum Netbanka geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast.

7. Umboð

- 7.1. Umboð vegna vörslu verðbréfa og móttöku verðbréfasafna.

Viðskiptavinur veitir hér með Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til að skrá verðbréf í hans eigu á vörslureikning Íslandsbanka og til þess að annast allt það sem tengist miðlun verðbréfa á þeim reikningi fyrir hans hönd. Um er að ræða verðbréf sem viðskiptavinur hefur afhent Íslandsbanka, mun afhenda síðar, eða kaupa fyrir milligöngu Íslandsbanka eða í gegnum Netbanka. Verðbréfin verða í vörslu Íslandsbanka ymist á pappírformi eða á rafrænu formi eftir því sem við á hverju sinni. Íslandsbanki hefur umboð til þess að stofna VS-reikning fyrir hönd viðskiptavinar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Umboðið nær til þess að annast allt sem tengist stofnun VS-reiknings sem og miðlun verðbréfa á þeim reikningi fyrir hönd viðskiptavinar. Auk þess hefur Íslandsbanki umboð til þess að óska eftir yfirliti frá útgefendum verðbréfa um verðbréfaeign viðskiptavinar s.s. að kanna skráða hlutabréfaeign sbr. heimild í 7. mgr. 30. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hjá hlutaskrá þeirra félaga sem sótt hafa um rafræna skráningu þeirra hlutabréfa sem þau hafa gefið út.

- 7.2. Umboð vegna innlendrar verðbréfamiðlunar

Viðskiptavinur veitir hér með Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til að miðla verðbréfum sem skráð eru í hans eigu í samræmi við munnleg, skrifleg eða rafræn fyrirmæli hans. Umboðið nær til þess að framkvæma öll þau atriði sem nauðsynleg eru til að annast verðbréfamiðlunina, þ.m.t. til að kaupa og selja verðbréf, framselja þau í nafni viðskiptavinar, móttaka greiðslur o.s.frv. Hlutabréf, arður og jöfnunarhlutabréf skulu send Íslandsbanka á gildistíma umboðsins. Umboð þetta nær einnig til þess að innleysa og innheimta afborganir, verðbætur og vexti af verðbréfum í vörslu Íslandsbanka. Þá nær umboðið til þess að leggja inn fé og taka út af bankareikningi í tengslum við viðskipti hjá Íslandsbanka, sbr. 11. gr. og ákvæði í umsókn varðandi tékkareikninga.

- 7.3. Umboð vegna erlendrar verðbréfamiðlunar

Viðskiptavinur veitir Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til þess að gera samning við þriðja aðila (verðbréfamiðlara, vörsluaðila verðbréfa o.fl.) vegna verðbréfamiðlunar fyrir hans reikning á erlendum vettvangi. Umboð þetta nær til þess að annast hver þau samskipti sem Íslandsbanki telur nauðsynleg vegna hinnar erlendu verðbréfaeignar, senda fyrirmæli um millifærslur, annast greiðslur af reikningi umsækjanda, móttaka greiðslur, annast uppgjör, afgreiðslu fyrirtækjaáðgerða o.s.frv. Umboðið nær ennfremur til stofnunar á bankareikningi hjá þriðja aðila í nafni viðskiptavinar og til þess að leggja inn fé og taka út af slíkum reikningi í tengslum við viðskipti hans hjá Íslandsbanka sbr. 11. gr. og ákvæði í umsókn varðandi tékkareikninga.

- 7.4. Allt sem Íslandsbanki gerir á grundvelli ofangreindra umboða skal vera jafngilt og ef viðskiptavinur hefði gert það sjálfur. Umboð þessi gilda þar til þau eru afturkölluð með skriflegum og sannanlegum hætti.

8. Fjárfestavernd

- 8.1. Íslandsbanki hefur sett sér verklagsreglur um ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og viðbrögð við þeim. Verklagsreglurnar má nálgast á heimasíðunni www.islandsbanki.is/mifid/.
- 8.2. Íslandsbanki hefur sett sér verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla (Execution policy). Í samræmi við verklagsreglurnar gerir Íslandsbanki ráðstafanir til að ná bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla frá viðskiptavinum. Verklagsreglurnar taka jafnt til almennra fjárfesta sem og fagfjárfesta. Verklagsreglurnar eru birtar á heimasíðunni www.islandsbanki.is/mifid/. Með undirritun á umsókn um verðbréfaviðskipti telst viðskiptavinur hafa samþykkt verklagsreglurnar um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.
- 8.3. Við ákveðnar markaðsaðstæður getur Íslandsbanki sameinað viðskiptafyrirmæli viðskiptavina til að þjóna hagsmunum þeirra. Viðskiptafyrirmæli eru ekki sameinuð nema ólíklegt sé að sameiningin skerði hagsmunum viðskiptavina. Við sérstakar aðstæður er þó mögulegt að slík sameining feli í sér óhagræði fyrir viðskiptavini, svo sem þegar stærð viðskiptapöntunar hefur áhrif á markaðsverð viðkomandi fjármálagernings.
- 8.4. Með undirritun á samning þennan samþykkir viðskiptavinur að Íslandsbanki meti hvort, hvenær og hvernig, skilyrt fyrirmæli (Limit order) sem varða hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eru birt á markaði.
- 8.5. Íslandsbanki flokkar viðskiptavini sína í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti í almenna fjárfesta, fagfjárfesta og viðurkennda gagnaðila og hefur sett sér verklagsreglur um flokkun viðskiptavina. Viðskiptavinur er tilkynnt um þann flokk sem þeir teljast til. Almennum fjárfestum er heimilt að sækja um að teljast til fagfjárfesta en Íslandsbanka er ekki heimilt að taka slíka umsókn til greina nema að uppfylltum skilyrðum laga og verklagsreglum bankans. Fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar teljast hafa næga þekkingu og reynslu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar sínar og njóta því minni verndar en almennir fjárfestar. Fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum er heimilt að sækja um að fá aukna fjárfestavernd almennt eða í einstökum viðskiptum. Viðskiptavinir bera ábyrgð á að tilkynna Íslandsbanka um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra.
- 8.6. Íslandsbanki metur hvort þjónusta eða fjármálagerningar eru við hæfi viðskiptavinar í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti. Viðskiptavinur ber ábyrgð á að veita Íslandsbanka réttar upplýsingar sem framangreint mat byggir á. Viðskiptavinur er bent á að þrátt fyrir framangreint mat, getur ákvörðun um fjárfestingu leitt til verulegs taps og hvílir áhættan af viðskiptum ávallt á viðskiptavinum bankans.
- 8.7. Íslandsbanka er ekki skylt að meta hvort viðskipti séu við hæfi viðskiptavinar þegar um einfalda fjármálagerninga er að ræða og þau eru að frumkvæði hans, svo sem þegar viðskipti fara fram í Netbanka. Viðskipti í Netbanka eru alfarið á ábyrgð og að frumkvæði viðskiptavinar og nýtur hann þá ekki þeirrar verndar sem í slíku mati felst.

9. Fyrirtækjaáðgerðir

- 9.1. Fyrirtækjaáðgerðir (e. Corporate Action) leiða til breytinga á fjárhagslegri skipulagningu fyrirtækja á einn eða annan hátt. Algengar áðgerðir eru t.d. arður og jöfnun. Íslandsbanki mun ekki senda slíkar tilkynningar til viðskiptavinar að fyrra bragði.

- 9.2. Það er á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með slíkum tilkynningum í Netbanka og á viðeigandi upplýsingaveitu og taka ákvarðanir um þátttöku sína í einstökum fyrirtækjaaðgerðum. Þar sem við á getur viðskiptavinur komið óskum sínum vegna þátttöku í viðkomandi fyrirtækjaaðgerð á framfæri við Íslandsbanka sem þá annast afgreiðslu hennar fyrir hönd viðskiptavinar.

10. Tilkynningar og yfirlit

- 10.1. Íslandsbanki sendir viðskiptavinum sínum reglulega yfirlit yfir veitta þjónustu í samræmi við óskir hans og gildandi lög og reglur. Íslandsbanki sendir jafnframt viðskiptavinum sínum a.m.k. árlega yfirlit yfir verðbréfaeign í vörslum bankans.
- 10.2. Tilkynningar og yfirlit til notenda Netbanka eru birt í Netbankanum og teljast komin til viðskiptavinar þegar þau eru aðgengileg þar. Tölvupóstur telst kominn til viðskiptavinar þegar hann hefur verið sendur. Fax telst komið til viðskiptavinar þegar það hefur verið sent. Almennur póstur telst kominn til viðskiptavinar tveimur dögum eftir póstagningu. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn hans kemur ekki tölvupósti til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi. Viðskiptavinur skal tilkynna Íslandsbanka um leið og breyting verður á heimilisfangi, síma, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum. Hafi tilkynning um breytingu ekki borist Íslandsbanka teljast skilaboð og aðrar tilkynningar réttilega móttæknar af viðskiptavini séu þær sendar á skráð heimilisfang viðskiptavinar og/eða uppgjöf tölvupóstfang. Lögheimili viðskiptavinar skal skoðast sem skráð heimilisfang í þessum skilningi, nema annað aðsetur hafi verið gefið upp skriflega í umsókn.

11. Leiðréttingar

- 11.1. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að fylgjast vel með stöðu innlánsreiknings síns og öllum millifærslum sem þar eru framkvæmdar. Viðskiptavinur er skuldbundinn til að gera Íslandsbanka samstundis viðvart verði hann þess áskynja að mistök hafi átt sér stað.
- 11.2. Íslandsbanka skal heimilt að leiðrétta, án samráðs við viðskiptavin, öll mistök sem varða skráða verðbréfaeign, framkvæmd eða uppgjör viðskipta þ.m.t. bakfærslur á innlánsreikningum. Eftir því sem við á skal hvor aðili um sig skuldbundinn til að lagfæra stöðu reiknings miðað við þá leiðréttingu sem fram hefur farið og endurgreiða hinum innan þriggja sólarhringa frá því að leiðrétting hefur farið fram.

12. Þóknun, þjónustugjöld og skuldfærsluheimild

- 12.1. Þóknun fyrir verðbréfamiðlun og þjónustugjöld, þ.m.t. vörslugjöld og önnur gjöld, fer eftir Verðskrá verðbréfaþjónustu Íslandsbanka á hverjum tíma, nema sérstaklega hafi verið um annað samið. Ef samið er um frekari þjónustu en felst í samningi þessum greiðist sérstaklega fyrir hana samkvæmt verðskrá. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að kynna sér ítarlega Verðskrá verðbréfaþjónustu Íslandsbanka eins og hún er á hverjum tíma.
- 12.2. Hafi viðskiptavinur heimilað Íslandsbanka að skuldfæra bankareikning sinn fyrir þeim gjöldum sem innheimt eru á hverjum tíma skal hann gæta þess að ávallt sé nægileg innstæða á bankareikningi en skuldfærsla kann að fara fram án undangenginnar tilkynningar.
- 12.3. Verðskrár Íslandsbanka má finna á vefslóðinni: www.islandsbanki.is. Viðskiptavinur er sérstaklega bent á að kynna sér Verðskrá verðbréfaþjónustu en þar er að finna upplýsingar um þóknarir og kostnað sem viðskiptavinur í hefðbundnum verðbréfavíðskiptum má eiga von á að greiða.

13. Vextir

- 13.1. Vextir á inn- og útlánum taka breytingum í samræmi við vaxtaákvörðun Íslandsbanka á hverjum tíma. Vextir eru greiddir í mynt viðkomandi fjármálagernings.

14. Varúðarskylda viðskiptamanns

- 14.1. Íslandsbanki hf. ábyrgist ekki þá áhættu sem viðskiptavinur stendur frammi fyrir vegna verðbréfavíðskipta hans, heldur ber hann einn ábyrgð á ákvörðunum sínum. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að hvers konar verðbréfavíðskipti eru mjög áhættusöm. Viðskiptavinur þarf að gera ráð fyrir ýmsum áhættuþáttum sem munu geta haft áhrif á ákvörðun hans, m.a. vaxtaáhættu, gengisáhættu, verðbólguáhættu, endursöluáhættu, tapsáhættu og vanskilaáhættu. Viðskiptavini ber því að afla sér ráðgjafar sérfræðinga, hafi hann takmarkaða þekkingu á fjárfestingum af þessum toga.
- 14.2. Fjárfestingarráðgjöf og upplýsingar um fjármálamarkaðinn geta breyst fyrirvaralaust vegna breyttra markaðsaðstæðna. Hið sama gildir um allar upplýsingar um fjármálamarkaði sem birtar eru á vefsvæðum í umsjá Íslandsbanka.
- 14.3. Vegna verðbréfavíðskipta í Netbanka skuldbindur viðskiptavinur sig til að kynna sér þær reglur sem gilda almennt um víðskipti í NASDAQ OMX Iceland hf. og þeim erlendu kauphöllum sem hann mun eiga víðskipti í með milligöngu Íslandsbanka.
- 14.4. Upplýsingar um helstu áhættuþætti sem fylgja fjárfestingum í fjármálagerningum er að finna á heimasíðunni www.islandsbanki.is/mifid/.

15. Breytingar á skilmálum

- 15.1. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að ákveða þá þjónustu sem í boði er hverju sinni samkvæmt samningi þessum, þ.m.t. í Netbanka. Íslandsbanki áskilur sér einnig rétt til að rjúfa aðgang að Netbanka um stundarsakir, fyrirvaralaust og án tilkynningar ef þörf krefur vegna uppfærslu skráa, breytinga kerfis, hvers konar bilana o.þ.h. Íslandsbanki áskilur sér rétt til að breyta eða bæta við skilmála þessa án fyrirvara.
- 15.2. Ákveði Íslandsbanki að breyta notkunareglum og skilmálum þessum eftir að viðskiptavinur hefur samþykkt þá, er viðskiptavinur bundinn af þeim, nema hann tilkynni Íslandsbanka um uppsögn á samningnum með sannanlegum hætti innan 14 daga frá tilkynningu eða auglýsingu um breytta skilmála. Gilda þá nýjar reglur og skilmálar um öll verðbréfavíðskipti sem viðskiptavinur framkvæmir síðar.
- 15.3. Viðskiptavinur getur ekki átt víðskipti í Netbanka að nýju fyrr en hann hefur samþykkt hinar nýju reglur og skilmála. Það gerir hann á rafrænan hátt í Netbanka og jafngildir það undirritun hans á pappír.

16. Uppsögn, vanefndir og fleira

- 16.1. Aðilar samningsins geta hvenær sem er sagt samningnum upp. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 14 dagar og telst frá þeim degi sem uppsögn berst gagnaðila með sannanlegum hætti. Sé samningi sagt upp gjaldfalla allar skuldir og gjöld viðskiptavinar við Íslandsbanka vegna víðskipta þeirra á milli á grundvelli skilmála þessara. Uppgjör skal fara fram að öllu leyti við lok uppsagnarfrests.
- 16.2. Íslandsbanka hf. er heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust og án tilkynningar ef viðskiptavinur vanefndir verulega skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum skilmálum sem tengjast víðskiptum hans við Íslandsbanka. Veruleg vanefnd telst m.a. (i) ef víðskiptavinur bætir ekki úr vanefndum sem ekki teljast verulegar innan 3 daga, (ii) ef víðskiptavinur er í vanskilum við bankann, hvort sem þau vanskil tengjast skilmálum þessum eða öðrum víðskiptum, og ekki er úr þeim bætt innan 3 daga, (iii) ef víðskiptavinur leggur ekki fram tryggingar/viðbótartryggingar innan tilskilins frests. Í öðrum tilvikum skal bankinn fyrirfram gera víðskiptavini viðvart um vanefnd og fyrirhugaðar aðgerðir. Leiti víðskiptavinur nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða annarra sambærilegra réttarráðeða, er Íslandsbanka jafnframt heimilt að afturkalla fyrirvaralaust og án tilkynningar heimild víðskiptavinar til að eiga víðskipti. Hið sama gildir ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum, beðið er um uppboð á eignum hans, krafist er gjaldprotaskipta á búi hans eða aðrar sambærilegar aðstæður koma upp sem að mati Íslandsbanka hf. gefa til kynna slæma fjárhagsstöðu víðskiptavinar.

- 16.3. Íslandsbanki hf. hefur haldsrétt í þeim verðbréfum sem eru á vörslureikningi fyrir greiðslum sem hann kann að eiga rétt á frá viðskiptavini vegna verðbréfavíðskipta og víðskipta með aðra fjármálagerninga og eru gjaldfallnar. Íslandsbanka er heimilt að selja fjármálagerninga sem hann hefur haldsrétt í vegna slíkra vanskila. Víðskiptavini skal gefinn hæfilegur frestur til að greiða skuldina.
- 16.4. Víðskiptavini er heimilt sbr. lög um verðbréfavíðskipti að taka fjármálagerninga sína út af safnreikningi ef bú fjármálayfirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar.

17. Söluaréttur

- 17.1. Víðskiptavinur skuldbindur sig til að eiga inneign á bankareikningi sínum, sem nemur fjárhæð keypra verðbréfa auk kostnaðar, á uppgjörsdegi. Þar sem umrædd verðbréf eru afhent inn á vörslureikning víðskiptavinar sama dag og víðskiptin eiga sér stað, en greiðsla fer ekki fram á uppgjörsdegi, heimilur víðskiptavinur Íslandsbanka að selja umrædd verðbréf í heild eða að hluta á hverjum þeim verðbréfamarkaði sem bankinn ákveður, innlendum eða erlendum, eða getur látið selja þau á nauðungaruppbóði eða komið þeim í verð á hvern þann hátt annan, sem hann kys, og ráðstafa andvirðinu til skilvísrar og skaðlausrar greiðslu á kaupverði umræddra verðbréfa, höfuðstól, vöxtum, verðbótum, gengismum, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði eða öðrum kostnaði, hverju nafni sem nefnist, allt að vali Íslandsbanka.
- 17.2. Komi til þess að Íslandsbanki beiti söluarétti sínum eignast bankinn kröfu á hendur víðskiptavini fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupvirði umræddra verðbréfa og söluverði auk kostnaðar.
- 17.3. Verði þörf á frekari atbeina víðskiptavinar til að aðilaskipti að hlutum/hlutabréfunum geti farið fram, skuldbindur víðskiptavinur sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni. Sinni víðskiptavinur því ekki, er Íslandsbanka heimilt að leita aðstoðar sýslumanns/héraðsdóms til að framkvæma það, sem víðskiptavinur sinnir ekki.
- 17.4. Víðskiptavinur ber áhættuna af gengisbreytingum hinna keyptu verðbréfa.

18. Ábyrgð

- 18.1. Ábyrgð Íslandsbanka vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfavíðskipta fer eftir lögum um verðbréfavíðskipti. Íslandsbanki ábyrgist þannig tjón sem rekja má til saknæmrar háttsemi starfsmanna sinna. Íslandsbanki ber hins vegar ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til athafna eða athafnaleysis annarra en starfsmanna Íslandsbanka, eða ef tjón verður vegna utanaðkomandi atburðar án þess að starfsmenn Íslandsbanka hafi átt þar hlut að máli, s.s. vegna tæknibilana eða truflana í rekstri Reiknistofu bankanna.
- 18.2. Um ábyrgð Íslandsbanka, sem reikningsstofnunar, fer eftir VII. kafla laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.
- 18.3. Íslandsbanki skal í engu tilfelli teljast ábyrgur fyrir óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi Íslandsbanka. Gildir einu þótt truflunin stafi af uppfærslu eða endurbótum á búnaði Íslandsbanka, en þegar þess er kostur skal Íslandsbanki tilkynna víðskiptavini um slíkar truflanir með fyrirvara.
- 18.4. Íslandsbanki ber ekki ábyrgð á tjóni víðskiptavinar sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun víðskiptavinar eða annars aðila á notkunarreglum Íslandsbanki.is. Á sama hátt undanskilur Íslandsbanki sig ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum víðskiptavinar eða annars aðila. Íslandsbanki ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.fl., ennfremur ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, stýrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða fallin undir óviðráðanleg tilvik (force majeure).
- 18.5. Víðskiptavinur ber fulla ábyrgð á víðskiptum sínum í Netbanka. Tilboð sem gerð eru í víðskiptakerfi kauphalla eru bindandi og á byrgð víðskiptavinar. Það verð sem fram kemur í slíku tilboði er skuldbindandi af hálfu víðskiptavinar og tilboðstaka. Íslandsbanki tekur enga áhættu fyrir hönd víðskiptavinar vegna víðskipta hans í kauphöll. Víðskiptavini er með öllu óheimilt að dreifa opinberum markaðsupplýsingum úr víðskiptakerfum kauphalla.
- 18.6. Víðskiptavinur er bundinn að öllu leyti við þá skilmála sem Íslandsbanki semur um við þriðja aðila, vegna verðbréfavíðskipta fyrir reikning víðskiptavinar á erlendum vettvangi (um ábyrgð og ábyrgðartakmörkun, framkvæmd miðlunar, erlendar lagareglur o.s.frv.). Íslandsbanki ábyrgist ekki réttar efndir slíkra samninga af hálfu gagnaðila. Skiptir engu máli í þessu sambandi hvort samningur hefur verið gerður í nafni Íslandsbanka eingöngu, eða fyrir hönd víðskiptavinar. Víðskiptavinur hefur ávallt heimild og er hvattur til að kynna sér efni og skilmála slíkra samninga, að því marki sem þeir snerta hans víðskipti sérstaklega.

19. Trúnaður

- 19.1. Öll víðskipti sem eiga sér stað á grundvelli samnings sem byggir á skilmálum þessum eru trúnaðarmál.

20. Frekari skilmálar

- 20.1. Telji Íslandsbanki að fyrimæli víðskiptavinar séu þess eðlis að þau falli undir gildissvið almennra skilmála fyrir markaðsvíðskipti hjá Íslandsbanka, skal víðskiptavini gerð grein fyrir því áður en víðskiptin eiga sér stað. Víðskiptavinur skal þá undirrita almenna skilmála fyrir markaðsvíðskipti hjá Íslandsbanka sem skulu þá gilda fyrir viðkomandi víðskipti. Ákvæði almennra skilmála fyrir framvirk gjalddeyrisvíðskipti og skiptasamninga, sem útgefnir eru af Sambandi íslenskra víðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða í febrúar 1998 (1. útgáfa) gilda einnig um öll markaðsvíðskipti Íslandsbanka eftir því sem við á.
- 20.2. Skilyrði heimildar til að eiga verðbréfavíðskipti í Netbanka er að víðskiptavinur hafi áður undirritað "Samningur um aðgang að fyrirtækjabanka á Íslandsbanki.is".
- 20.3. Til að eiga víðskipti með erlend verðbréf með milligöngu Íslandsbanka þarf víðskiptavinur að skila undirritaðri yfirlýsingu um skattalegt heimilisfesti. Með yfirlýsingunni er tekið ljósrit af fullgildum persónuskilríkjum umsækjanda (vegabréf eða ökuskirteini).

21. Yfirlýsing víðskiptavinar

Með því að samþykkja þessa umsókn og skilmála, staðfestir víðskiptavinur að hann hafi kynnt sér ítarlega skilmála þessa og sættir sig við efni þeirra í einu og öllu og skuldbindur sig til að hlíta þeim í hvívetna. Víðskiptavinur staðfestir sérstaklega:

- Að hann hafi kynnt sér og samþykki ákvæði almennu skilmálanna um ábyrgð Íslandsbanka.
- Að upplýsingar þær sem hann hefur gefið í tengslum við umsókn þessa séu sannar og nákvæmar. Ennfremur ábyrgist hann að tilkynna Íslandsbanka, þegar í stað, ef einhverjar breytingar verða á högum hans, þ.m.t. skattalegu heimilisfesti hans.
- Að athygli hans hafi verið vakin á áhættu samfara verðbréfavíðskiptum.
- Að athygli hans hafi verið vakin á gjalddeyrisáhættu samfara víðskiptum með verðbréf í erlendri mynt.
- Að hann hafi mótttekið áskorun um að leita sér fjárfestingarráðgjafar um leiðir til að takmarka áhættu og haga fjárfestingum í samræmi við fjárhagsstöðu og að hann beri einn ábyrgð á þeim fjárfestingarákvörðunum sem hann tekur.

- f. Að með því að samþykka umsókn sem er hluti af samningi þessum veiti hann Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til verðbréfamiðlunar fyrir hans hönd og í hans nafni, í samræmi við munnleg, skrifleg eða rafræn fyriræli hans.
- g. Að samningur hans við Íslandsbanka um verðbréfavíðskipti er einungis gerður í eigin þágu.
- h. Að allar eignir, sem hafa verið eða munu verða lagðar inn á vörslureikning hjá Íslandsbanka af víðskiptavini (eða samkvæmt umboði hans), tilheyra honum persónulega og að hann telst raunverulegur eigandi þeirra (e. beneficial owner).

22. Ágreiningur og málsskotsréttur

- 22.1. Komi upp ágreiningur milli víðskiptavinar og bankans um framkvæmd samnings þessa eða einstaka þætti í framkvæmd hans er víðskiptavini unnt að senda bankanum kvörtun. Með kvartanir verður farið samkvæmt reglum Íslandsbanka um meðferð kvartana. Víðskiptavinur getur jafnframt skotið ágreiningi til Úrskurðarnefndar um víðskipti við fjármálafyrirtæki. Nefndin er í umsjón Fjármálaeftirlitsins en nalgast má málsskotseyðublöð hjá bankanum eða á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Einnig er vakin athygli á lögum nr. 98/1999 um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

23. Önnur ákvæði

- 23.1. Dómsmál milli víðskiptavinar og Íslandsbanka út af skilmálum þessum, ágreiningi, brotum á skilmálum eða samningum byggðum á þeim, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Mál vegna erlendra verðbréfavíðskipta víðskiptavinar skulu rekin fyrir þeim dómstóli sem samið hefur verið um í viðkomandi samningi eða samkvæmt alþjóðlegum lagaskilareglum.
- 23.2. Íslensk lög skulu gilda um samskipti víðskiptavinar og Íslandsbanka. Um erlend víðskipti víðskiptavinar sem Íslandsbanki hefur milligöngu um gilda lög þess ríkis þar sem víðskiptin fóru fram (þar sem verðbréf er skráð eins og fyrr greinir), nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

Skilmálar þessir öðlast gildi við undirritun víðskiptavinar og samþykki Íslandsbanka.

Víðskiptavinur samþykkir að honum séu sendar, með tölvupósti eða á annan hátt, upplýsingar og kynningarefni um nýjar vörur og þjónustu, sem byggðar eru á og sendar út eftir tölvuskráðum gögnum Íslandsbanka um víðskiptavini sína.

Sérstök yfirlýsing í tengslum víðskipti með erlend verðbréf hjá Íslandsbanka

Undirritaður lýsir yfir að allar erlendar verðbréfaeignir, sem skráðar eru á vörslureikningum hans og hann (og aðilar í umboði hans) á víðskipti með fyrir milligöngu Íslandsbanka, tilheyra undirrituðum og er hann raunverulegur eigandi þeirra. Undirritaður lýsir því jafnframt yfir að hann hefur skattalega heimilisfesti í því landi sem tilgreint er í samningnum og skuldbindur sig ennfremur til að tilkynna Íslandsbanka tafarlaust um allar breytingar sem kunna að verða á raunverulegu eignarhaldi á verðbréfum og skattalegri stöðu sinni.

Staður og dagsetning

<i>Samþykki framangreinda umsókn og skilmála:</i>	
	Undirritun stjórnar (nafn og kennitala)
Undirritun stjórnar (nafn og kennitala)	Undirritun stjórnar (nafn og kennitala)

<i>Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði umsækjanda:</i>	
Nafn og kennitala	Nafn og kennitala

<i>Umsókn samþykkt:</i>
Fyrir hönd Íslandsbanka

Ljósrit skal tekið af skilríkjum og heftað við samning þennan.

Umboð lögaðila vegna samnings um verðbréfavíðskipti

Umboð þetta er viðauki við samning um verðbréfavíðskipti við Íslandsbanka hf. – Almenna skilmála fyrir lögaðila.

Samningurinn er dags. _____

milli Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, og

_____ („Félagið“), kt. _____
(nafn lögaðila)

Stjórn félagsins staðfestir hér með umboð til handa eftirtöldum starfsmönnum sínum til að eiga víðskipti við Íslandsbanka hf., í samræmi við samning um verðbréfavíðskipti við Íslandsbanka, rita undir samninga um einstök víðskipti fyrir hönd félagsins, leggja fram tryggingar og gera hvað eina annað sem nauðsynlegt er vegna víðskipta félagsins við Íslandsbanka hf.

Nafn stafsmanns: _____	Kennitala: _____
Starfsheiti: _____	Sími: _____ Gsm: _____
Netfang: _____	
Rithandarsýnishorn: _____	

Nafn stafsmanns: _____	Kennitala: _____
Starfsheiti: _____	Sími: _____ Gsm: _____
Netfang: _____	
Rithandarsýnishorn: _____	

Allt það sem hver ofangreindra starfsmanna gerir samkvæmt umboði þessu skal vera jafngilt og stjórn félagsins hafi sjálf gert það.

Umboð ofangreindra starfsmanna gildir þar til þau hafa verið afturkölluð skriflega af stjórn félagsins og afturköllunin send Íslandsbanka hf. með sannanlegum hætti. Félagið verður því bundið við alla samninga sem ofangreindir aðilar kunna að stofna til, þar til gild afturköllun berst Íslandsbanka hf.

Óski félagið eftir því að veita öðrum stafsmanni/mönnum sínum umboð tekur Íslandsbanki hf. þau aðeins gild hafi þau verið undirrituð af stjórn félagsins og send bankanum með sannanlegum hætti.

Staður og dags. _____

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:

Í stjórn _____
(nafn lögaðila)

Undirritun stjórnar (nafn og kt.)

Nafn og kt.

Undirritun stjórnar (nafn og kt.)

Nafn og kt.

Undirritun stjórnar (nafn og kt.)

Samþykki / Staðfesting

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer og staður: _____

Netfang: _____

Í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og verklagsreglur Íslandsbanka hf. um flokkun viðskiptavina höfum við flokkað þig sem:¹

- Almennan fjárfesti
- Fagfjárfesti
- Viðurkenndan gagnaðila

Með undirskrift minni:

- Staðfesti ég ofangreinda flokkun mína.
- Samþykki ég að upplýsingagjöf telst veitt á fullnægjandi hátt á heimasíðu Íslandsbanka á slóðinni www.islandsbanki.is/mifid, um rétt fjárfesta til að óska eftir að falla í annan flokk.

Auk þess staðfesti ég með undirskrift minni að:

- Ég hef fengið og samþykki meðfylgjandi verklagsreglur Íslandsbanka um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.
- Ég samþykki að Íslandsbanki geti framkvæmt viðskiptafyrirmæli mín utan skipulegs verðbréfamarkaðar og markaðstorgs fjármálagerna (MTF).
- Ég samþykki að Íslandsbanki ákveði hvort, hvenær og hvernig skilyrt viðskiptafyrirmæli, sem ekki hafa verið framkvæmd, eru sýnd markaðnum.
- Ég hef kynnt mér yfirlit yfir fjármálagerna og áhættur og útdrátt úr reglum bankans um hagsmunaárekstra á slóðinni www.islandsbanki.is/mifid og auk þess verðskrár Íslandsbanka á slóðinni www.islandsbanki.is.
- Ég staðfesti að ég hef reglulegan aðgang að Internetinu og samþykki að fá framvegis upplýsingar með rafrænum hætti þ.m.t. af vefsíðu Íslandsbanka, www.islandsbanki.is JÁ NEI

Dags.: _____

Undirskrift: _____ Kennitala: _____

¹ Upplýsingar um flokka fjárfesta, um rétt fjárfesta til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess er að finna á heimasíðu Íslandsbanka á slóðinni: www.islandsbanki.is. Þar má einnig finna ýmsar aðrar upplýsingar sem tengjast verðbréfavíðskiptum.

Íslandsbanki hf.

Verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Þessar verklagsreglur lýsa því hvernig Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki) leitast við að tryggja viðskiptavinum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Verklagsreglur þessar eru settar til að uppfylla kröfur tilskipunar Evrópusambandsins um markaði fyrir fjármálagerninga (Markets in Financial Instruments Directive, skammstafað MiFID) sem innleidd var í íslenska lögjöf með lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Verklagsreglur þessar gilda um fagfjárfesta, almenna fjárfesta og um fjármálagerninga sem fjallað er um í MiFID-tilskipuninni.

1. Gildissvið og tilgangur

Íslandsbanka er skylt að setja sér og innleiða verklagsreglur sem gilda þegar bankinn veitir eftirtalda þjónustu:

- Þegar bankinn framkvæmir viðskiptafyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina
- Við móttöku og miðlun viðskiptafyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina
- Þegar bankinn annast eignastýringu og felur öðrum aðila að framkvæma viðskiptin

Verklagsreglur þessar eiga ekki við þegar Íslandsbanki er ekki að framkvæma eða miðla viðskiptafyrirmælum fyrir hönd viðskiptavina, til dæmis þegar Íslandsbanki birtir eða gefur upp tilboð um kaup eða sölu fjármálagerninga og viðskiptavinurinn á viðskipti við Íslands-banka á grundvelli þess tilboðs.

2. Um bestu framkvæmd

2.1. Hvað er besta framkvæmd?

Besta framkvæmd merkir:

- Að Íslandsbanki hafi innleitt þessar verklagsreglur sem er ætlað að ná fram að jafnaði bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla
- Að Íslandsbanki hafi einsett sér að fara eftir verklagsreglum þessum
- Að Íslandsbanki muni árlega endurmeta og uppfæra verklags-reglurnar til þess að tryggja að bankinn muni áfram uppfylla framangreindar kröfur
- Að Íslandsbanki muni, að beiðni viðskiptavina, sýna fram á að bankinn hafi framkvæmt viðskiptafyrirmæli í samræmi við verklagsreglur þessar

Þegar sýnt er fram á bestu framkvæmd er ekki endilega horft til einstakra viðskipta heldur er fremur lagt mat á skráð viðskipti á ákveðnu tímabili sem gefa til kynna að á heildina litið náist fram besta framkvæmd með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á einhverjum þeim viðskiptastað sem lýst er í verklagsreglum þessum.

2.2. Viðskiptastaður

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla er Íslandsbanka heimilt að nota hvern þann viðskiptastað, einn eða fleiri, sem tilgreindur er hér að neðan:

- Skipulega verðbréfamarkaði
- Markaðstorg fjármálagerninga (MTF)
- Innmiðlara
- Eigin reikning Íslandsbanka
- Önnur fjármálafyrirtæki, miðlara og tengda aðila í hlutverki viðskiptavaka eða aðra söluaðila fjármálagerninga
- Aðila utan EES-svæðisins sem hafa með höndum sams konar starfsemi

Hægt er að finna lista yfir þessa viðskiptastaði sem Íslandsbanki notar á vefslóðinni www.islandsbanki.is/mifid og er listinn hluti af verklags-reglum þessum. Á listanum eru þeir staðir sem Íslandsbanki reidir sig einkum á þegar bankinn leitast við að uppfylla kröfuna um að ná, að jafnaði, bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskipta-fyrirmæla. Íslandsbanki áskilur sér rétt til þess að notast við annan viðskiptastað en tilgreindur er á listanum til að fullnægja meginkröfunni um bestu framkvæmd.

Þegar Íslandsbanki leggur fram fyrirmæli um viðskipti, á skipulegum verðbréfa-markaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), mun bankinn velja þann viðskiptastað sem hann álitur eiga best við.

Íslandsbanka er heimilt að uppfæra listann yfir viðskiptastaði eftir því sem við á. Viðskiptavinur er ekki tilkynnt sérstaklega um breyt-ingar á listanum en uppfærð útgáfa verður birt á vefslóðinni www.islandsbanki.is/mifid.

Varðandi fjármálagerninga sem unnt er að eiga viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), skal tekið fram að, með samþykki viðskiptavinar, eru fyrirmæli viðskiptavinar í vissum tilvikum framkvæmd utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF). Slík framkvæmd er þó háð því að Íslandsbanki telji að með þeim hætti sé kröfunni um bestu mögulegu niðurstöðu fullnægt.

2.3. Þættir og viðmið varðandi framkvæmd fyrirmæla

Við framkvæmd fyrirmæla um viðskipti leitar Íslandsbanki allra mögulegra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini með tilliti til ákveðinna þátta sem eru:

- Verð
- Kostnaður
- Hraði
- Líkur á að af viðskiptunum verði og líkur á uppgjöri
- Umfang
- Eðli
- Aðrir þættir sem til greina koma og varða framkvæmd fyrirmælanna

Þrátt fyrir að verð og kostnaður séu að öllu jöfnu mikilvægustu þættirnir sem litið er til varðandi einstök viðskipti þá kunna aðrir ofangreindir þættir að hafa áhrif. Hlutfallslegt mikilvægi hvers þátta er breytilegt og ræðst af eftirfarandi viðmiðum:

- Sérkennum viðskiptavinar, þ.m.t. hvort hann sé almennur fjárfestir eða fagfjárfestir
- Sérkennum fyrirmæla viðskiptavinar
- Sérkennum fjármálagerninga sem fyrirmæli varða
- Sérkennum þeirra viðskiptastaða þar sem Íslandsbanki getur framkvæmt fyrirmælin

3. Sérstök fyrirmæli viðskiptavinar

Gefi viðskiptavinur Íslandsbanka sérstök fyrirmæli varðandi framkvæmd viðskipta mun Íslandsbanki fylgja þeim að svo miklu leyti sem hægt er. Bent skal á að öll sérstök fyrirmæli viðskiptavinar kunna að hindra Íslandsbanka í að fylgja verklagsreglum þessum og ná fram bestu framkvæmd. Verklagsreglurnar gilda um þá þætti viðskiptafyrirmæla sem sérstök fyrirmæli viðskiptavinar taka ekki til.

4. Móttaka og miðlun viðskiptafyrirmæla

Undir vissum kringumstæðum þarf Íslandsbanki að leita til þriðja aðila vegna framkvæmdar viðskiptafyrirmæla til að veita viðskiptavini aðgang að mörkuðum. Við val á þriðja aðila er litið til þeirra þátta og viðmiða sem kveðið er á um í kafla 2.3. hér að framan.

Lista yfir þá þriðju aðila sem Íslandsbanki notar í framangreindum tilgangi er að finna á vefslóðinni www.islandsbanki.is/mifid og er listinn hluti af verklagsreglum þessum. Íslandsbanki áskilur sér rétt til þess að notast við aðra aðila en tilgreindir eru á listanum til að fullnægja meginkröfunni um bestu framkvæmd.

5. Endurmat

Íslandsbanki mun fylgjast með skilvirkni verklagsreglna þessara til að geta

greint vankanta og gert endurbætur ef tilefni þykir til. Íslandsbanki endurmetur reglulega þá viðskiptastaði og þriðju aðila sem notaðir eru við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Í vissum tilvikum mun Íslandsbanki byggja endurmat sitt á þeim verklagsreglum sem viðkomandi þriðju aðilar hafa sett sér um framkvæmd viðskipta-fyrirmæla. Endurmat fer fram árlega hið minnsta og einnig hvenær sem Íslandsbanka verður kunnugt um að einhver breyting hafi átt sér stað sem hefur áhrif á getu bankans til þess að ná fram, að jafnaði, bestu mögulegu niðurstöðu.

Íslandsbanki mun upplýsa viðskiptavini sína ef verklagsreglum þessum verður breytt og birta uppfærða útgáfu þeirra á vefslóðinni www.islandsbanki.is/mifid. Viðskiptavinum verður þó ekki tilkynnt sérstaklega um breytingar á lista yfir viðskiptastaði og þriðju aðila sbr. kafla 2.2. og 4 hér að framan.

6. Vistun gagna

Ef viðskiptavinur óskar þess, mun Íslandsbanki sýna fram á að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við verklagsreglur þessar.

7. Skilgreiningar

MiFID – merkir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og allar innleiðingargerðir hennar.

Íslandsbanki – merkir Íslandsbanki hf. (þar með talin öll útibú innan EES sem fást við verðbréfavíðskipti).

EES – merkir Evrópska efnahagssvæðið.

Fjármálagerningar – fjármálagerningar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, svo sem:

- Verðbréf
- Peningamarkaðsskjöl
- Hlutdeildarskírteini
- Ýmsar tegundir afleiðna sem byggjast á fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp efnislega eða með reiðufé
- Hrávöruafleiður
- Afleiður til yfirfærslu lánaáhættu
- Samningar um fjárhagslegan mismun

Viðskiptafyrirmæli – merkir beiðni viðskiptamanns til Íslandsbanka um kaup eða sölu fjármálgernings sem Íslandsbanki tekur að sér að framkvæma eða miðla til þriðja aðila.

Fagfjárfestir – merkir fjárfesti sem fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Almennur fjárfestir – merkir fjárfesti sem ekki er fagfjárfestir.

Skipulegur markaður – merkir marghliða viðskiptakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í viðskiptakerfinu.

Markaðstorg fjármálagerninga (MTF) – merkir marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við IV. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Febrúar 2009